

5
22. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Norðfjarðar.

1. gr.

Um leið og hús er tekið í samband við taugar rafveitunnar, skal húseigandi greiða tengigjald, sem fer eftir brunabótarvirðingarverði húseignarinnar þannig, að fyrir hvert hús, sem er að virðingarverði:

Frá	0— 5 þúsund krónur greiðast		35 krónur
—	5—10 — — —		60 —
—	10—20 — — —		90 —
	yfir 20 — — —		120 —

Gjaldið má greiða í fjórum jöfnum afborgunum á fyrsta ári og er það þá 5% hærra.

2. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal vera kr. 1,10 — ein króna og tíu aurar — fyrir kílóvattstund og mælisleiga kr. 0,80 — áttatíu aurar — á mánuði ljósatímamann.

3. gr.

Rafveitunefnd er heimilt, með samþykki bæjarstjórnar að hækka eða lækka verð þetta um allt að 50%, án samþykkis ráðuneytisins, eftir því hvernig stöðin ber sig. Verð fyrir rafmagn til götu og hafnarlýsingar, svo og til hleðslu rafgeyma fyrir útvarpsviðtæki, ákveður rafveitunefnd í samráði við bæjarstjórn.

4. gr.

Rafmagnsgjaldið greiðist eftir hvern mánuð. Sé gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir að hlutaðeigandi hefir verið krafinn má slíta sambandinu við hann eftir skriflega tilkynningu.

5. gr.

Gjöld fyrir rafmagn má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps í Norðfirði hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason,